

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hörgársveit.

*Nýtt deiliskipulag íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar, áfangi 3.*

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2024 nýtt deiliskipulag íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar, áfangi 3.

Skipulagsverkefnið snýr að skipulagningu 3. áfangi íbúðarsvæðis í landi Glæsibæjar. Í skipulagsverkefninu felst að íbúðarsvæði ÍB2 stækkar til vesturs um 6 ha inn á svæði sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L) í aðalskipulagi. Deiliskipulag 3. áfangi íbúðarbyggðar er framhald af áður skipulögðum áföngum íbúðarbyggðar í landi Glæsibæjar þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð með 14 nýjum einbýlis-, par- og raðhúsalóðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. Hörgársveitar, 9. janúar 2025,*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2025